



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda barna sem nýttu sumaropnun leikskóla sumarið 2022***

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 7. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks:

*Hversu mörg börn nýttu sér sumaropnun leikskóla í Reykjavík síðasta sumar (2022)?*

**Svar:**

Fjöldi barna í sumaropnun 2022 hjá Hagaborg voru 19 börn þar af 8 börn frá öðrum leikskólum. Fjöldi barna í sumaropnun 2022 hjá Langholti voru 18 börn þar af 8 börn úr öðrum leikskólum. Fjöldi barna í sumaropnun 2022 hjá Bakkaborg voru 28 börn þar af 13 börn úr öðrum leikskólum.

Samtals nýttu 65 börn sumaropnun leikskóla árið 2022.